um frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og m. a. hefur hreppsnefnd Kópavogshrepps mætt á fundi nefndarinnar til viðræðu um málið. Hefur oddvitinn látið nefndinni í té útskrift úr gerðabók Kópavogshrepps varðandi þetta mál.

Meiri hluti nefndarinnar, PÞ, HelgJ og JóhH, leggur til, að frv. verði samþykkt. Minni hl., HV, telur málið ekki tímabært og mun skila séráliti. KJJ var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Hreppsnefndin tjáði nefndinni, að hún hefði ákveðið að efna til atkvæðagreiðslu um það innan Kópavogshrepps þ. 24. apríl n. k., hvort kjósendur óski, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað nú þegar með lögum, og um það, hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ. Af þessu tilefni hefur meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar leitað umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur um þetta atriði, og er þess að vænta, að þinginu berist sú umsögn undir meðferð málsins.

Alþingi, 16. apríl 1955.

Páll Þorsteinsson, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Helgi Jónasson.